

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1192
komudagur 29.2.2012

Reykjavík, 29. febrúar 2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, 342. mál og umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 343. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Landssamband íslenskra útvegsmanna skila hér með sameiginlegri umsögn um tillögurnar.

Samtökin fagna metnaðarfullum markmiðum sem lýst er í fjarskiptaáætlunum til fjögurra og tólf ára um að fjarskipti verði „aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk, örugg og umhverfisvæn“. Samtökin benda hins vegar á að stefnt er að því að ná markmiðunum á 12 árum og meiri líkur en minni eru á því að verkefnið taki enn lengri tíma. Á meðan beðið er eftir að takmarkinu verði náð þarf að tryggja fjarskipti með öðrum hætti.

Samtökin telja öflug fjarskipti nauðsynlega grunninnviði til að tryggja samkeppnishæft atvinnulíf um land allt. Nauðsynlegt er að tryggja viðtæka útbreiðslu fjarskiptaþjónustu innan og utan íslensku efnahagslögsögunnar m.a. til skipa. Fjarskipti skipta höfuðmáli til að tryggja öryggi á öllum hafsvæðum og því nauðsynlegt að tryggt sé að skip og önnur mannvirki séu alltaf í fjarskiptasambandi hvar sem þau eru.

Afar mikilvægt er að allir geti notið útvarps og sjónvarps hvar sem þeir eru staddir. Samtökin leggja áherslu á að áfram verði haldið uppbyggingu senda um landið þannig að hagkvæmasti kosturinn til móttöku á hljóðvarps- og sjónvarpsefni í gegnum loftnet verði ekki fyrir borð borinn. Því þarf að veita fjármagn í það verkefni til jafns við önnur er varða umræddar fjarskiptaáætlanir. Tækniframfarir hafa ekki síður átt sér stað á sviði loftnetsmóttöku og býðst flestum landsmönnum í dag að taka við stafrænu merki um loftnet með sömu mynd- og hljóðgæðum og sjónvarpsefni um streng. Loftnet á húsum munu því gegna mikilvægu hlutverki enn um sinn. Loftnet býður einnig upp á dreifingu og móttöku á FM hljóðvarpi, en til að ná suðlausri FM-móttöku þurfa flest hágæða hljómflytningstæki að tengjast loftneti.

Aðgangur að fjarskiptaþjónustu um streng eingöngu takmarkar rétt þeirra sem vegna atvinnu sinnar og/eða búsetu verða að treysta á móttöku útvarps- og sjónvarpsefnis um loftnet. Framúrskarandi fjarskiptaþjónusta um loftnet tryggir hins vegar þjónustu við sjófarendur kringum landið, við byggðir utan þéttbýlis, við ferðalanga og starfandi á hálendi Íslands og almennt við ferðafólk. Í öllum bifreiðum, hjólhýsum og ferðavögnum er búnaður sem gerir ráð fyrir móttöku gegnum loftnet, FM hljóðvarpsmóttöku ásamt hliðrænni og stafrænni sjónvarpsmóttöku. Á markaði eru nú hágæða útvarps- og sjónvarpstæki sem beinlínis gera ráð fyrir loftnetsmóttöku og gera verður ráð fyrir þjónustu við þá sem eiga tæki sem einungis ná FM- og í nánustu framtíð stafrænum (DAB) hljóðvarpsútsendingum í gegnum loftnet.

Einnig er bent á að fjarskipti um streng fela í sér aukinn kostnað og mjög óæskilegt er að sá verði eini möguleiki til móttöku fjarskipta.

Fyrirhugað er að Ríkisútvarpið leggi niður hliðrænar útsendingar árið 2014 og er það útbreiddur misskilningur að þá verði loftnetin óþörf. Af því tilefni er rétt að taka fram að stafrænar útsendingar nást að jöfnu í gegnum streng eða loftnet og því ljóst að mikilvægi loftnetsins verður engu minna þegar Ríkisútvarpið leggur niður hliðrænar útsendingar.

Samtökin telja að í framtíðinni fari fjarskiptin fram að jöfnu í lofti og um streng. Mat samtakanna er að fjarskiptaáætlun sé um of einskorðuð við strenglausnir og þurfi sá hluti fjarskiptaáætlunarinnar endurskoðunar við.


Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna